

45. fundur skólaneftndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 24. október 2016, kl. 13:00 á í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Jónína Magnúsdóttir, Helgi Jóhannsson, Guðrún Unnsteinsdóttir í forföllum Edwards Huijbens, Preben J. Pétursson, Haukur Orri Kristjánsson fulltrúi nemenda, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldrafélags, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmlína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Kosning formanns.

Hildur Ösp Gylfadóttir formaður gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Helgi Jóhannsson er kjörinn formaður til árs og Jónína Magnúsdóttir varaformaður.

### 2. Fundir vetrarins dagsettir.

Farið yfir dagsetningar funda á skólaárinu framundan. Ákveðið að fundir verði þriðja þriðjudag í janúar, mars og maí.

### 3. Tengsl við atvinnulíf

Skólameistari fór yfir tengsl skólans við atvinnulífið. Það er í svipuðum farvegi og verið hefur en þess ber þó að geta að nú er skólinn kominn í samstarf við Símei og Fisktækniskóla Íslands um nám í fisktækni á Dalvík. Mikið er að gera í skólanum í samstarfi við erlenda aðila og í sambandi við erlenda styrki.

### 4. Yfirlit yfir samninga í gildi

Ekki hafa verið gerðir nýir samningar. Samningur er við sálfræðing sem kemur einu sinni í viku eins og áður.

### 5. Niðurstaða vorannar

Á vorönn 2016 skilaði skólinn samtals 137 nemendaígildum. Þar af voru 7,6 á starfsbraut. Meðalbrottfall var 4% og nýtingarhlutfall hópa var 70%.

### 6. Rekstarniðurstaða (6 mánuðir)

Skólameistari lagði fram yfirlit yfir rekstarniðurstöðu fyrri hluta árs. Rekstur fyrri hluta árs er innan marka.

### 7. Sjálfsmat.

Aðstoðarskólameistari lagði fram sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2015-2016. Hana má finna á vef skólans.

### 8. Innritun og upphaf annar

Í upphafi annar voru um 330 nemendur skráðir í skólann. Þar af eru 211 fjarnemar. Á félags- og hugvísindabraut eru 130 nemendur, á náttúruvísindabraut eru 70, á listabraut 30, á íþróttabraut 39, kjörnámsbraut 10, starfsbraut 13 og í viðbótarnámi til stúdentsprófs eru 7. Þá eru 22 nemendur skráðir í fisktækni. Karlar eru 130 en konur 198. Alls eru 130 nemendur úr Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð (83 og 50).

### 9. Nýir áfangar

Skólameistari gerði grein fyrir nýjum áföngum sem kenndir eru á þessari önn. Einn áfangi, gæðakerfi, tilheyrir fisktækninni og þá er í gangi áfangi sem heitir hreysti og menning þar sem um er að ræða samþættingu íþróttanna og

menningar. Þá voru kenndir áfangar í miðannarviku, smádýrafræði og landa- og menningarfræði á starfsbraut.

## **10. Önnur mál**

### *10.1 Skólaakstur*

Rætt um skólaakstur. Hann hefur gengið vel en þó er alltaf þörf á fleiri ferðum.

### *10.2 Byggingarmál*

Vinna er hafin við viðbyggingu og nú er grunnur tilbúinn. Byrjað verður aftur að vori og gert ráð fyrir að byggingu verði lokið í ágúst á næsta ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00